

LÖG

**um breyting á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „á hann þá heimtingu á að málið verið tekið upp aftur og rannsakað á ný“ í 16. gr. laganna komi orðin: getur hann þá skotið málinu til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Á eftir orðinu „ráðuneytið“ í 1. málsl. 17. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

Við lögina bætist ný grein sem orðist þannig:
Nefnd sú, sem skipuð skal samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum, úrskurðar í deilumálum skv. 16. gr., sbr. 17. gr. laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Bæjarstæði í
Seyðisfjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóni Sigurðssyni eyðijörðina Bæjarstæði í Seyðisfjarðarhreppi.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.